

FRJÁLS

PALESTÍNA

MÁLGAGN FÉLAGSINS ÍSLAND-PALESTÍNA - 1. TBL. 13. ÁRG. - APRÍL 20

Sveinn Rúnar

Hauksson:

Villimennska Sharons og herja hans virðist ekki eiga sér nein takmörk. Ungir piltar og stúlkur, móðir með þrjú börn, yfirlæknir gjörgæslu og sjúkraflutningamenn að störfum, konur í barnsnauð, sært fólk á öllum aldri, lögreglumenn og almenn-ingur, sérstaklega fólkið í flóttamannabúðum; allt eru þetta skotmörk Sharons. Þessi núverandi forsætisráðherra Ísraels er þeim verkum vanur að skipuleggja hryðjuverk og fjöldamorð á varnarlögu fólki í flóttamannabúðum. Málaferli eru í gangi í Belgíu vegna fjöldamorðanna í Sabra og Shatila í Líbanon 1982, en þess er freistað að draga Sharon, þáverandi hermálaráðherra, til ábyrgðar fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu. Hershöfðinginn Sharon hefur skýra stefnu. Hún er stríðsrekstur. Það er



Hernámið burt!

á þeim vettvangi sem hann nýtur sín sem leiðtogi. Og aðferð hans er að stigmagna stríðið, fjölga drápunum dag frá degi.

Það er til lítils að binda vonir við vopnahléstillögur, hvort sem þær eru kenndar við Tenet, yfirmann CIA, eða bandaríska öldungadeildarþingmanninn Mitchell. Palestínumenn samþykktu þessar tillögur á sínum tíma, en Sharon hefur engan áhuga á slíku. Eins og hann orðar það er eina leiðin að *berja á Palestínu-mönnum og berja á þeim aftur,*

þar til þeir gefast upp á allri andspyrnu gegn hernáminu. Krafa dagsins hlytur að vera sú að hernámi Ísraels ljúki. Að Ísrael skili öllum herteknu svæðunum frá 1967, sem er í samræmi við alþjóðalög og samþykktir Sameinuðu þjóðanna. En Ísraelar undir stjórn Sharons munu ekki mæta þessum kröfum. En þá verður að krefja Bandaríkjastjórn ábyrgðar á að knýja fram lög og rétt gagnvart Ísrael.

Margt af efnilegustu ungmennum Palestínu er fallið í valinn fyrir hernámssliðinu. Fáeinir hafa fórnað lífi sínu í örvæntingarfullum hryðjuverkum, sem orsakast af hernáminu og eru því á ábyrgð Ísraelsstjórnar. En fyrir hvern sem fellur stíga fleiri fram og það er ekki uppgjafarandi sem einkennir Palestínumenn þótt vopnastyrkur þeirra minni á Davíð gegn Golíat.

Það sem úrslitum ræður í átökum sem þessum er siðferðisprek og þrautseigja sem á rætur sínar í réttmætum málstað. Þar eru Palestínumenn sterkari aðillinn.

Glæstur mót-mælafundur Félagið Ísland-Palestína hélt útifund á Austurvelli sl. þriðjudag, 9. apríl, í samvinnu við ASÍ, BSRB og Öryrkjabandalagið. Um 1200 manns sóttu þennan fund í neþjunni á Austurvelli og sýndu með því hug sinn til frelsisbaráttu palestínsku þjóðarinnar. Daginn eftir lögðu þeir Sveinn Rúnar Hauksson formaður og Viðar Þorsteinsson ritari Félagssins Ísland-Palestína af stað áleiðis til Palestínu með fé og hjálpargögn frá félaginu til palestínsku þjóðarinnar.



Dr. Barghouthi í heimsókn

Sagt er frá heimsókn dr. Mustafa Barghouthi í nóvember 2001 á bls. 14.

Hann er hér t.v. ásamt formanni Félagssins Ísland-Palestína á fundi sem haldinn var með stjórnámálumönnum og fulltrúum félagasamtaka.



vandlega tíundaðar í fjölmiðlum, sem var rétt og skylt, en þjáningar Palestínumanna, sem eru mun alvarlegri, voru varla nefndar í ísraelskum fjölmiðlum. Það var næstum engin umfjöllun í Ísrael um þann mikla fjölda Palestínumanna sem var drepinn, og það var ekki tilefni til almennrar umræðu að aðeins í nokkurra mínútna fjarlægð frá Jerúsalem voru tugir þúsunda sveltandi fólks í haldi undir sprengjuregni.

Ísraelskir hermenn og Palestínumenn togast á um ungan dreng sem hermennirnir höfðu handtekið

starfsmenn í heilbrigðisgeiranum, þar af tveir læknar, og einn erlendir fréttamaður.

Öll palestínska þjóðin hefur tekið þátt í þjáningunum. Hundruðum þúsunda almennra borgara var haldið í hryllilegu stofufangelsi. Margir urðu að yfirgefa heimili sín og búa dögum saman hjá nágrönnum sem þeir þekktu lítið. Skriðdrekar óku um strætin, sprengjur féllu og árásarþyrlur flugu yfir, skelfd börn sátu föst inni á heimilum sínum, gamlmennum og sjúklingum var neit að um læknishjálp, margir höfðu engar matarbirgðir og í sumum tilfellum ekkert rafmagn eða rennandi vatn. Ofan á þetta bætt-

ist ofbeldisfull leit ísraelskra hermanna á heimilum fólks.

Ísraelska þjóðin vissi lítið af þessum þjáningum og virðist ekki ætla að láta þær á sig fá. Ísraelsmenn eru uppteknir af eigin þjáningum og uppfyllir af ótta við palestínska hryðjuverkamenn í hverju horni, þannig að þeim er alveg sama um þjáningar annarra. Flestir ísraelskir læknar depluðu ekki einu sinni auga þegar starfsbræður þeirra voru drepnir, ísraelskir blaðamenn mótmæltu ekki dauða ítalsks starfsbróður síns og ísraelskir lögmennt sögðu ekkert þótt alþjóðalög væru brotin.

Þjáningar Ísraelsmanna voru

inn framið verknaði sem eru óþolandi og óásættanlegir. Sú staðreynd að meirihluti Ísraelsmanna hefur hvorki viljað heyra né sjá hvað var að gerast leysir okkur ekki undan ábyrgð. Það dregur heldur ekki út því tjóni sem Ísrael verður sjálft fyrir vegna þessara tilgangslausu aðgerða. Þeir sem voru niðurlægðir við steinanámuna munu fá sína hefnd. Við greiðum öll gjaldið.

Birt í enskri útgáfu ísraelska dagblaðsins Haaretz, 17. mars 2002. Svala Jónsdóttir, sem starfar við mannréttindavakt á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar í Palestínu, þýddi greinina og stýtti.

Neyðarsöfnun til heilsugæslu og sjúkrahúsa í Palestínu

Aðalmarkmið Félagsins Ísland-Palestína er að kynna málstað Palestínumanna og afla réttindabaráttu þeirra stuðnings. Síðan uppreisn Palestínumanna hófst fyrir einu og hálfu ári hefur ríkt þar slík neyð að félagið hefur beitt sér fyrir fjársöfnun.

Á einu og hálfu ári hefur neyðarsöfnun FÍP skilað 9.000 bandaríkjadöllum til hjálparstarfs í Palestínu, þökk sé þeim sem hafa látið fé af hendi rakna. Við höfum aðallega stutt UPMRC, heilsugæslusamtökin sem dr. Mustafa Barghouthi stendur fyrir, en einnig sjúkrahús í Jerúsalem og á Vesturbakkanum. Að auki hafa Rauði krossinn, kirkjan og ríkisstjórn Íslands stutt Palestínumenn.

Stéttarfélagið Efling og Verslunarmannafélag Reykjavíkur hafa lagt fram fé, sem og allnokkrir einstaklingar, allt frá því að bæta nokkrum hundruðköllum við félagsgjaldið upp í 100.000 kr. framlag. Í haust safnaði félagsmaður okkar á Dvalarheimi aldraðra á Sauðárkróki nærri 20.000 krónum.

Drjúgt hefur safnast á tvennum styrktartónleikum og á fundum, t.d. 50.000 kr. á landsfundi Samfylkingarinnar í nóvember og 55.000 á útfundinum á Lækjartorgi 20. des.

Hægt er að láta fé af hendi rakna á fundi eða leggja inn á reikning félagsins í Íslandsbanka í Keflavík:

542 - 26 - 6990, kennitala 520188-1349

Þorvaldur Örn Árnason

Gideon Levy:

Í nafni okkar allra

Höfundur er fréttaskýrandi á ísraelska dagblaðinu Haaretz

Um klukkan sex sl. mánudagsmorgun kom kallið í gegnum hátalara ísraelska hersins um að allir karlmenn í Deheishesh flóttamannabúðunum ættu að koma út af heimilum sínum og safnast saman við nálæga steinanámu. Á milli 1.000 og 1.200 karlkyns íbúar frá flóttamannabúðunum og nágrennaþorpinu Artis komu til námunnar. Karlarnir og piltarnir, 14 ára og eldri, voru bundnir á höndum og bundið var fyrir augun á þeim. Samkvæmt lýsingum Palestínu-



FRJÁLS PALESTÍNA

Málgagn Félagsins Ísland-Palestína
1. tölublað, 13. árgangur
apríl 2002

Ritstjóri:
Viðar Þorsteinsson

Höfundar efnis:
Eiríkur Bergmann Einarsson
Eldar Ástþórsson
Gideon Levy
Halldór Brynjar Halldórsson
Sveinn Rúnar Hauksson
Viðar Þorsteinsson
Þorvaldur Örn Árnason

Útlit og umbrot:
Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:
Formaður:
Sveinn Rúnar Hauksson
Varaformaður:
Steinunn Birna Ragnarsdóttir
Ritari:
Viðar Þorsteinsson

Gjaldkeri:
Þorvaldur Örn Árnason
Meðstjórnandi:
Faraj Shwaiki
Varastjórn:
Eldar Ástþórsson

Utanáskrift:
Félagið Ísland-Palestína
Glaðheimum 8, 104 Reykjavík
Sími og fax: 553-1302
Netfang: palestina@palestina.is

manna sem voru á staðnum var mönnunum haldið í steinanám- unni fram á nótt. Þeir voru aðeins klæddir nærfötum og fengu engan mat. Þeir sem þurftu á lyfjum að halda fengi þau heldur ekki. Seint um nóttina var flestum sleppt og aðeins nokkrir tugir manna voru færðir til yfirheyrslu. Meðal þeirra var enginn af lista Ísraelsmanna yfir eftirlýsta menn.

Þeir sem fengu að fara urðu að ganga með hendur á lofti aftur til heimila sinna. Fyrir þá var þetta dagur niðurlægingar og pyntinga sem þeir munu seint gleyma. Hvernig getum við ímyndað okkar að mega þola slíka tilhæfulausa fjöldahandtöku? Getum við ímyndað okkur börn okkar, 14 og 15 ára gömul, færð til námu í

morgunsárið, bundin og síðan niðurlægð klukkutímum saman, þótt þau hafi ekkert gert af sér? Myndum við ekki finna til haturs og löngunar til þess að hefna okkur á þeim sem fremdu slíkan verknað?

Í síðustu viku urðu þúsundir Palestínumanna um allan Vesturbakkan, frá Jenín til Jerúsalem, fyrir slíkum ranglátum fjöldahandtökum. Hveru margir voru í raun handteknir? Er einhver sem telur? Talsmaður Ísraels hers sagði, eftir að hafa kannað málið, að hann vissi ekki nákvæmlega hversu margir hefðu verið handteknir. Hann gekk aðeins úr skugga um að niðurlæging mannanna væri fest á filmu, svo að ísraelskur almenningur gæti séð bundna og hálfnakta fangana.

En handtökurnar eru ekki það versta sem komið hefur fyrir palestínsku þjóðina síðan Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísrael, lýsti því yfir að hún skyldi fá harkarlega meðferð. „Það þarf að berja þá niður,“ sagði Sharon í byrjun mánaðarins á kaffistofu þingsins. Árangurinn er sá að um 170 Palestínumenn hafa látið lífið, um tíu á dag að meðaltali. Í hópi hinna látnu eru 12 börn og unglingar, 11 meðlimir í palestínskum öryggissveitum, þrír



Ísraelska þjóðin vissi lítið af þessum þjáningum og virðist ekki ekki ætla að láta þær á sig fá.

kostað ómældar þjáningar og dauðsföll sem fjölmiðlar segja okkur frá dag hvern.

Friður eða réttlæti?

Friðarsinum heimsins ofbýður skiljanlega sú villimennska sem nú viðgengst á hernumdu svæðunum. Fólk lætur lífið daglega, flestir óbreyttir borgarar og jafnvel börn. Friðarsinnar styðja Palestínumenn, þar sem þeir eru fórnarlömb ofbeldisins, óvopnuð þjóð sem í besta falli ver sig með grjóti og mólotov-kokkteilum. Friðarsinnar telja að ef markmiðið sé að binda enda á ofbeldið, þá séu þeir sammála Palestínumönnum. Krafa Arafats um alþjóðlegt friðargæslulið virðist benda til þess sama.

Þó að þetta sé að mörgu leyti rétt, þá leynist örlítill galli á gjöf Njarðar. Palestínumenn vilja nefnilega ekki bara frið, þeir vilja líka réttlæti. Þess vegna halda þeir Intifada-uppreisninni áfram - frekar enn að stökkva bláeygir að samingaborðinu, sem hefur veitt þeim meira af fölskum fyrirheitum en raunverulegum hagsbótum. Sá friður sem ríkti á hernumdu svæðunum frá undirritun Oslóarsaminganan og fram að haustinu 2000 var óviðunandi friður - friður gildrunnar. Friðarferlið sem Palestínumönnum var ætlað að taka þátt var í löngu ónýtt, Ísrael hélt áfram að niðurlægja þá og lífskjör þeirra versnuðu. Þetta var hvorki sanngjarn né vænlegur friður.

Við friðarsinnar á Vesturlöndum verðum því að skilja að í átökum Palestínumanna og Ísraels eru málin ekki svo einföld að nóg sé að vilja frið. Allar friðarvonir standa og falla með því hvaða beinhörðu tillögur eru í farteskinu til þess að gera hann vænlegan. Ljóst er að nú er við að etja forsætisráðherra í Ísrael sem ekki einu sinni mun bjóða upp á neitt sem kemst nálægt þeim tillögum sem Barak lagði þó fram sumarið 2000. Ariel Sharon er einungis umhugað um útpenslu eigin ríkis og lítur á Palestínumenn sem óþarfan óþjóðalýð í vegi þeirrar framrásar. Á meðan hann situr við völd er krafan um friðarviðræður tilgangslaus.

Fyrir mér er réttur Palestínumanna til vopnaðrar mótspyrnu

óumdeilanlegur þegar svo er í pottinn búið - og auk þess má geta að réttur óbreyttra borgara til að berjast gegn hernámi er viðurkenndur samkvæmt Genfarsáttmálanum. Ariel Sharon útmálar þessa réttmætu baráttu sem hryðjuverk, og gerir það að skilyrði fyrir friðarviðræðum að þeim ljúki. Hins vegar er alveg ljóst að þegar „hryðjuverkunum“ lýkur þá mun Sharon ekki hafa upp á neitt að bjóða í samningum. Markmið Sharons er að kúga Palestínumenn til undirgefni - ekki að berjast gegn hryðjuverkum, eins og hann vill vera láta - og Palestínumenn mega ekki láta hann komast upp með það.

Þrátt fyrir þennan fyrirvara skulum við minnst þess að Intifada-uppreisnin fer að langstærstum hluta fram friðsamlega; með mótmælagöngum og fjöldasamkomum. Árásir Hamas-liða á óbreytta borgara í Ísrael heyrta til undantekninga, en eru ekki uppi-standan í baráttunni eins og fjölmiðlaumfjöllun á Vesturlöndum gefur til kynna. Íslandsvinurinn dr. Mustafa Barghouthi skipuleggur á hverjum degi friðsamar mótmælaaðgerðir í nafni óháðra félagasamtaka, og er starf hans mun frekar lýsandi fyrir viðleitini Palestínumanna en árásir Hamas. En sá munur er aukaatriði í augum hernámalsliðsins, því Dr. Barghouthi er handtekinn og beittur ofbeldi eins og hver annar glæpamaður.

Möguleikar á friði

Sé getuleysi mitt við að fordæma vopnaða andspyrnu Palestínumanna mótsögn, þá truflar sú mótsögn mig ekki, því einungis friðsöm baráttu er ekki möguleg við þær aðstæður sem nú eru fyrir hendi á hernumdu svæðunum, og friður mun ekki komast á fyrr en Palestínumenn hafa sýnt að þeir láta ekki beygja sig. Ríkis-

stjórn Ísraels verður að skilja að það er ekki hægt að bjóða Palestínumönnum upp á hálfkaraða friðarsamninga sem tryggja ekki raunhæfar forsendur fyrir friðsælli sambúð. Baráttan heldur áfram, og friður kemst ekki á fyrr en henni hefur lokið með sigri Palestínu.

Alþjóðalög kveða skýrt á um rétt Palestínumanna. Hver ein og einasta krafa sem Palestínumenn setja fram er studd annað hvort af ályktunum Sameinuðu þjóðanna eða grundvallaralþjóðasáttmálum. Framhjá því verður ekki horft að Ísrael hefur nú látið Palestínumenn sitja undir hernámi í þrjá og hálfan áratug á fimmtungi



sinnar upprunalegu ættjarðar. Þeir samningar sem þegar hafa verið gerðir hafa einungis dregið þjáningar Palestínumanna á langinn og ekki sett framferði Ísraels neinar skorður. Á meðan Ísrael getur ekki mætt kröfum Palestínumanna á samingaborðinu með öðru en hálfkákí og refskákum þá hljóta Palestínumenn að hafa rétt til þess að framfylgja alþjóðalögum í eigin landi með andspyrnuna að vopni.

Við getum ekki sætt okkur við að sjálfsögðustu mannréttindi séu ofurseld samningaviðræðum og pólitísku þjarki; við hljótum að taka undir baráttu Palestínumanna fyrir lífi sínu og réttindum, - það er eina leiðin að friði.

Höfundur er háskólanemi og ritari Félagsins Ísland-Palestína

Palestínumenn reyna af veikum mætti að verjast ísraelska innrásarliðinu

Friðargildran

Eitt af þeim orðum sem hafa skipað sér fastan sess í opinberri umræðu um málefni Palestínu og Ísraels er „friðarferli“. Oft er það haft með ákveðnum greini: „friðarferlið“. Það sem þar er átt við er ferli viðræðna sem hófst með leynilegum samningaviðræðum milli fulltrúa PLO og Ísraels í Madrid árið 1991. Var það í fyrsta skipti sem þessar fylkingar ræddust við og vöktu umræðurnar því væntingar. Þær vonir urðu að hluta til að veruleika með Oslóarsamingunum sem undirritaðir voru í tveimur skrefum árin 1993 og 1995. Margir muna eftir ljósmyndunum af handabandi Arafats og Rabíns fyrir framan Hvíta húsið, en það handaband varð að tákni nýrrar vonar um frið í Mið-Austurlöndum.

Friðarferlið hékk þó á bláðþræði, og í ljós kom að stórir hópar meðal beggja þjóða voru andvígir því. Vonbrigði friðelskandi manna voru mikil þegar heittrúaður gyðingur myrti Yitzhak Rabin árið 1995, og Benjamin Netanyahu var í kjölfarið kosinn forsætisráðherra. Allir vissu að Netanyahu hafði engan áhuga á sáttum við Palestínumenn, og staðfesti hann það með því að hraða og auka við uppbyggingu landnemabyggða á hernumdu svæðunum, en þær eru mikill þyrnir í augum Palestínumanna og einn helsti þröskuldurinn í vegi friðar. Ekki breytti það því að Netanyahu talaði jafnan mikið um friðarferlið, og sakaði þá iðulega Arafat um að vinna gegn því.

Samningar verða að gildru

Eftir valdatöku Netanyahus varð Palestínumönnum ljós sú gildra sem fólst í Oslóarsamingunum, því það litla sjálfræði sem þeim

var heimilað varð að engu gagnvart Ísrael, nú þegar öllu fjand-samlegri aðilar voru þar við stjórnvölinn. Engu að síður var nú byrjað að draga upp þá mynd af átökunum að hér væri um tvo jafnviga aðila að ræða.

Palestínumenn fengu samkvæmt Oslóarsamingunum fulla lögsögu á samanlagt um 20% hernumdu svæðanna, en það yfirráðasvæði var hólfað niður í rúmlega 200 aðskildar eyjar. Eyjarnar mynduðu síðan klasa í kringum stærstu bæi Palestínumanna á Vesturbakkanum og Gasa: Gasa-borg, Jeríkó, Ramallah, Nablus, Hebron, Jenín, Túlkarím og Kalkílja. Á milli bæjanna liggja ísraelsku landnemabyggðirnar, ísraelskir vegir og ísraelskar herstöðvar. Palestínumönnum var, og er enn, ekki unnt að komast á milli bæja án þess að fara í gegnum eftirlitsstöðvar ísraelska hersins.

Samkvæmt samingunum átti þetta ástand þó einungis að vera tímabundið. Lokalausn skyldi hafa fundist á öllum ágreiningsmálum í september 2000 og sjálfstætt ríki Palestínumanna stofnað; sátt skyldi hafa náðst um réttindi flóttamanna, endanleg landamæri, stöðu Jerúsalem og framtíð landnemabyggða. En eins

og svo oft áður í deilum Palestínumanna og Ísraels vann tíminn með þeim síðarnefndu: Hús voru rifin og uppbygging landnemabyggða hélt áfram á meirihluta hernumdu svæðanna á meðan heimastjórn Arafats horfði máttvæna á – ekkert skuldbatt Ísrael til að hætta þessum aðgerðum, og á meðan minnkuðu líkurnar jafnt og þétt á að samkomulag næðist.

Takmörkuð heimastjórn Palestínumanna skilaði ekki tilætluðum árangri. Uppbygging gekk illa og margir sökuðu stjórnina um óstjórn og spillingu. Efnahagsleg sóknarfæri voru lítil innan sjálfstjórnarsvæðanna, því þau voru bæði smá og innbyrðis einangruð. Atvinnuleysi og fátækt jókst á meðal Palestínumanna á hernumdu svæðunum, reiðin vegna áframhaldandi landráns kraumaði undir og lífskjör flóttamanna bötunuð ekkert. Gaf þetta herskáum samtökum á borð við Hamas og Jihad byr undir báða vængi, og tóku þau að gera árástir á skotmörk og borgara innan landamæra Ísraels. Öll slík atvik voru miskunnarlaust notuð af Ísrael til að setja Arafat æ strangari fyrirhætti um að „uppræta hryðjuverk“, en minni áhyggjur voru af árásum ísraelskra landnema á Palestínumenn.

Ehud Barak, sem settist í forsætisráðherrastól árið 1999, gat ekki bjargað hinu skipreka friðarferli frá glötun, þrátt fyrir hraðar hendur sumarið 2000 þegar einungis nokkrir mánuðir voru til stefnu fram að lokadagsetningunni í september. Arafat hafnaði tillögnum sem Barak lagði fram í Camp David viðræðunum, enda hefðu þær aldrei hlotið samþykki palestínsku þjóðarinnar.

Óveðursský voru á lofti: Þegar Ariel Sharon heimsótti Al-Aqsa moskuna á musterishæðinni í Jerúsalem í lögreglufylgd kom til átaka milli fylgdarliðs hans og hóps Palestínumanna. Þau átök mörkuðu upphafið að átökunum sem enn standa yfir, og hafa



Viðar Þorsteinsson skrifar

Við minnum félagsmenn og aðra lesendur á glæsilega og efnismikla heimasíðu Félagsins Ísland-Palestína

www.palestina.is

Skellið ykkur á netið og skoðið.



og hópur ótindra glæpamanna sem vílar ekkert fyrir sér í baráttunni gegn óvininum og lætur afar vafasaman tilgang helga sín göróttu meðul. Glæpir hryðjuverkamannanna eru ekki rannsakaðir og hinir seku eru ekki leiddir fyrir rétt – heldur sendir ríkisstjórnin morðsveitir sínar út af örkinni og sprengir saklausa jafnt sem seka Palestínumenn í loft upp í grimmilegum hefndaraðgerðum.

Einhverra hluta vegna hefur heimsbyggðin þó ákveðið að kalla það ekki hryðjuverk þótt hefndarverk Ísraels séu engu skárri en hryðjuverk Palestínumanna – og jafnvel enn verri ef mið er tekið af því hve ójafn leikurinn er. Á milli hefndaraðgerðanna, sem geta bitnað á hverjum sem er, heldur

ríkisstjórn Ísraels svo úti aftöku-sveitum sem drepa grunaða Palestínumenn án dóms og laga. Og allt fer þetta fram í skjóli Bandaríkjastjórnar sem telur Ísrael til sinna helstu bandamanna.

Nú virðist sem lokaorustan sé ekki langt undan. Ef ekkert verður að gert munu Ísraelsmenn knýja fram fullnaðarsigur í krafti ofureflis og sölsa endanlega undir sig afganginn af landsvæði Palestínumanna. Síðan munu þeir væntanlega kúga hina palestínsku frumbyggja á einhverjum ömurlegum verndarsvæðum, líkt og Evrópumenn gerðu þegar þeir námu land Indjána í Ameríku og frumbyggja í Ástralíu.

Samviskubit Vesturlanda

Það flækir málið að samviskubit vesturlanda í garð gyðinga vegna helfarar nasista hefur gert það að verkum að Vesturlönd hafa horft upp á aðfarirnar án þess að aðhafast nokkuð. Það er einnig sorglegt til þess að hugsa að þetta hefði alls ekki þurft að gerast. Gyðingar voru upp til hópa ekkert ólmir í að komast til Palestínu í lok seinni heimstyrjaldar. Þeir vildu miklu frekar fara til Bandaríkjana og þangað fóru margfalt fleiri en til Palestínu. Eins og málum er hátt að nú er heldur ekki raunhæft að Palestínumenn geti hrakið Ísraela til baka af öllu því landsvæði sem þeir hafa sölsað undir sig. Þar býr nú fólk sem varla er hægt – né

Framhald á næstu síðu

Götumynd frá Ramallah; ungmenni í flóttamannabúð um kasta grjóti að ísraelskum skriðdreka.

Verður Palestína

þurrkuð út?

Eiríkur
Berg-
mann
Einars-
son
skrifar

Fyrir nokkrum árum fóru að berast tíðindi af friðarumleitunum í Palestínumálinu og nokkur bjartsýni ríkti um að hægt yrði að finna lausn á þessu hörmulega máli.

Sá draumur hvarf endanlega með kjöri hins skelfilega Ariels Sharons til forsætisráðherra í Ísrael. Sharon er harðlínumaður og herskár gyðingur sem kemur úr sömu röðum hryðjuverkamanna og ráðið hafa lögum og lofum í Likud-bandalaginu alla seinustu öld. Hvað svo sem segja má um Ehud Barak fyrrverandi forsætisráðherra þá virtist hann í það minnsta hafa einlægan friðarvilja. Sharon virðist hins vegar hafa einlægan bardagavilja.

Heimsbyggðin er smám saman að átta sig á að ríflega hálfri öld eftir lok seinni heimstyrjaldar eru Ísraelar langt komnir með að sölsa undir sig allt land Palestínumannanna í grimmilegri herför sem rekin er í skjóli sögulegs samviskubits bandamanna frá því í heimstyrjöldinni.

Skýringarnar á aðgerðaleysi umheimsins er einnig að finna í innanríkispolitík Bandaríkjanna, eina risaveldis heims. Það er þekkt að stjórnámamenn í Bandaríkjunum sem hafa hið þaulskipulagða og fjársterka Ísraelslobbý á móti sér ná ekki frama þar í landi. Því þora fáir að berjast gegn ríkishryðjuverkum Ísraelsstjórnar. Það var til að mynda hlálegt að fylgjast með Hillary Clinton og ummælum sem hún lét falla í Jerúsalem um daginn. Þessi annars ágæti öldungadeildarþingmaður – sem sannarlega heillaði heimsbyggðina sem forsetafrú Bandaríkjanna – féll í þann grautfúla pytt sem bandarískir stjórnámamenn gera gjarnan, að gerast undirlægja Ísraelslobbýsins. Þarna stóð hún við grátmúrinn og vældi um hvað Arafat væri vondur – að þessi roskni leiðtogi Palestínumannanna bæri ábyrgð á hörmungunum í

Mið-Austurlöndum.

Sádi-Arabar hafa nýlega lagt fram nokkuð skynsamlegar friðar-tillögur sem fela í sér að Ísraelar dragi allt herlið sitt frá svæðunum sem þeir hernámu 1967. Á móti viðurkenni arabaríkin tilvist Ísraels og taki upp vinsamlegri samskipti við landið. Leiðtogar heimsins hafa ásamt arabaheiminum fagnað þessu útspili og hershöfðinginn Sharon sagði við Javier Solana fulltrúa Evrópusambandsins að hann væri reiðubúinn að skoða málið. Í ljósi fyrri aðgerða ætla ég að leyfa mér að efast um friðarvilja Sharons en vona svo sannarlega að hann taki á endanum einhverjum sonsum áður en hann leiðir allsherjartortíningu yfir Landið helga.

Allsherjarstýrjöld

Þrátt fyrir ofangreindar friðarumleitanir virðist ekkert lát á skálmöldinni og fréttir berast af sífellt harðnandi átökum og sífellt skelfilegri voðaverkum beggja deiluaðila. Landið helga logar allt í átökum sem ekki er hægt að lýsa á annan hátt en sem allsherjarstýrjöld. En þetta er æði ójafn leikur, ef hægt er að nota svo léttúðlegt orð um hörmungarnar. Ísraelar hafa á að skipa harðsnúnum og vel skipulögðum atvinnuher, fullbúnum nýjustu og bestu morðtölum frá Bandaríkjunum. Í röðum palestínskra vígamanna er hinsvegar öllu fátæklegra um að litast. Tötraralega klæddir unglingar hljóta þjálfun í sjálfsmorðsbúðum mis vanmáttugra samtaka, smáhópa og klofningsbrota og læra þar að handleika mólotov-kokkteila og heimatilbúnar sprengjur. Þar er þeim líka kennt að það sé göfugt að fórna lífinu fyrir málstaðinn, enda virðast sjálfsmorðsárásir bíta einna best þessi misserin.

Hringavitleysan er eitthvað á þessa leið: Ísraelar sölsa undir sig sífellt meira af landsvæði Palestínumannanna.



Það magnar upp gremju hjá Palestínumönnum sem endar með því að einhver vitleysingurinn í sundurleitu samtökum þeirra kastar mólotov kokkteil að ísraelskum hermönnum eða sprengir sig jafnvel í loft upp á fjölmönnum stöðum, í þeirri von að taka sem flesta gyðinga með sér á vit orlaganna – sem vel að merkja eru nánast þau sömu, því trúarbrögð Palestínumannanna og gyðinga eru greinar af sama meiði og boðskapur þeirra sá sami. Þessi hryðjuverk Palestínumannanna eru að sjálfsögðu forkastanleg og það ber vitaskuld að leiða þá seku fyrir dómsóla. Ísraelsríki hefur hinsvegar kosið að standa öðruvísi að málum.

Lýðræðislega kjörin ríkisstjórn Ísraels bregst nefnilega við eins

Halldór Brynjar Halldórsson:

Svona er Palestína í dag

Þegar ég vaknaði í morgun voru hermenn alls staðar, og ekki okkar hermenn, heldur Ísraelsmenn. Sameinuðu þjóðirnar hafa víst ákveðið að við megum ekki eiga heima hér lengur, Ísraelar þjuggu víst hér fyrir 3000 árum. Mér væri svo sem sama, við fáum jú að búa vestur á fjörðum, það er ekki svo slæmt, bara ef við hefðum ekki þurft að flyta okkur svona mikið í burtu.

Þegar ég vaknaði í morgun voru allir á nálum, stóri bróðir var farinn í herinn og Egyptar og fleiri vinir okkar ætluðu að hjálpa okkur að komast heim aftur. Ég vildi komast aftur heim, þó ekki væri nema bara til að ná í bangsann og vasadiskóið.

Þegar ég vaknaði í morgun var búið að ákveða að nú fengjum við ekki að ráða okkur sjálf lengur, það hlýtur að vera sanngjarnt, við réðumst jú á þá. Mér væri svo sem sama, bara ef ég gæti fengið að fara einu sinni í heimsókn til ömmu minnar í næsta þorpi áður en hún deyr.

Þegar ég vaknaði í morgun voru allir glaðir. Mamma hafði þurft að fara út í morgun, á markaðinn, hún flýtti sér eins og hún gat en hafði rekist á sjónvarp á leiðinni þar sem Arafat sagði að nú væri að birta til, atvinnuleysi komið niður fyrir 60% og hann hefði náð nýju samkomulagi við Ísraelsmenn. Pabbi ákvað að fara

strax að sækja um vinnu í fyrramálið og ég fékk að fara í skólann!

Þegar ég vaknaði í morgun fór ég í skólann í fyrsta skipti í þessum mánuði og pabbi fór að sækja um vinnu. En þegar ég kom heim úr skólanum var allt breytt. Nokkrir hermenn höfðu komið inn í húsið okkar í morgun og snúið öllu á hvolf, virtust vera að leita að einhverju. Þegar mamma reyndi að banna þeim að taka kóraninn okkar, slógu þeir hana þar til hún missti meðvitund. Litli bróðir minn hljóp fram með leikfangabyssuna sína og reyndi að skjóta þá en þeir urðu fyrri til. Ég labbaði fram í stofu til pabba, en hann sat bara og starði út um gluggann, ég spurði hann hvar mamma væri en hann leit bara á mig, eins og hann horfði í gegnum mig. Ég grét mig í svefn.

Þegar ég vaknaði í morgun var pabbi horfinn, ég fór niður á sjúkrahús til að hitta mömmu en hún sagði ekki neitt, lækarnir sögðu að hún væri ennþá sofandi. Á biðstofunni var maður með lítið svarthvítt sjónvarp. Hann leyfði mér að horfa á fréttirnar. Þar kom mynd af pabba mínum og fullt af fólki skælandi. Pabbi var samt ekki skælandi á myndinni. Ég spurði manninn hvar pabbi væri, og hann útskýrði fyrir mér að pabbi hefði farið og meitt mennina sem tóku húsið okkar, lömdu mömmu mína og



Hversdagurinn í Palestínu í dag; drengur með teygjubyssu lýtur í vörn gegn skothríð Ísraelsmanna (að ofan) og á neðri myndinni þjarma ísraelskir hermenn að manni, sem þeir sökuðu um að vetra með sprengju innanklæða.



drápu litla bróðir minn. Pabbi kæmi samt ekki aftur. Mikið vildi ég óska þess að ég væri jafn hugrakkur og pabbi minn. Mikið er ég stoltur af pabba.

Höfundur er nemi í Menntaskólanum á Akureyri

sem ýtir undir átök. Í stað þess að skilja þjóðirnar fyrir botni Miðjarðarhafs að í mis vænlegum hölfum, eins og nú er gert, þarf að koma á fjölþjóðlegu þjóðskipulagi með sameinuðu athafnasvæði og jöfnum réttindum. Jafnframt þarf að tryggja að allir hóparnir á svæðinu eigi jafnan þátt í stjórn sambandsríkisins eða þess ríkjabandalagsins sem þar yrði mynduð.

Höfundur er stjórnfræðingur



Fjöldamorð með öllum þeim þjáningum sem þeim fylgja eru orðin hluti af daglegu lífi. Faðir og afi þessa drengs í Jabalya flóttamannabúðunum voru drepnir í átökum milli Palestínumanna og Ísraels.

Verður Palestína þurrkuð út?

æskilegt – að flytja nauðungarflutningum frá heimilum sínum.

Eins og fram hefur komið er vandamálið afar flókið og ágreiningurinn djúpstæður. En á meðan deiluaðilar bitast um þetta litla og þéttbýla landsvæði halda blóðsúthellingarnar áfram.

Fjölpjódlegt sambandsríki

Ef við setjum alla tilfinningasemi til hliðar og leggjum iskalt mat á málið, þá tel ég einu raunverulegu lausnina á deilunni að koma á fjölpjódlegu sambandsríki á svæðinu, sem rúmar bæði gyðinga og araba, og raunar alla þá sem vilja búa í Landinu helga.

Sennilega eru margir tilbúnir til að blása slíkri hugmynd út af borðinu eins og hverri annarri fjarstæðu. Einhverjir munu halda

því fram að átökin á svæðinu lýsi því einfaldlega, að það sé útilokað fyrir þetta fólk að búa saman í einu ríki. En bíðum aðeins við. Hugsum málið betur. Það vill svo til að slíkt hefur gerst áður víðs vegar um jarðarkringluna.

Til að mynda má að hluta til rekja tilurð Bandaríkjanna til borgarastyrjaldar þar í landi, þótt aðstæður hafi svo sem verið aðrar, og í Bosnía er nú verið að gera tilraunir með svipaða hugmyndafræði. Evrópusambandið, sem vissulega er ekki sambandsríki heldur ríkjabandalag, varð ennfremur til við nokkuð svipaðar aðstæður.

Um miðbik liðinnar aldar var Evrópa orðin rjúkandi rúst eftir tvö gjöreyðingarstríð sem háð voru vegna skefjalausrar þjóðernishyggju ýmissa smákónga álf-

unnar sem skýldu sér bak við einangrun landa sinna og tortryggni í garð annarra þjóða. Á rústum þeirra hörmunga varð til sú hugmynd að aukin samvinna og samruni ríkja álfunnar væri eina leiðin til að tryggja frið og framfarir í hinnri stríðshrjáðu Evrópu. Hugmyndin var að gera ríkin svo innbyrðis háð að árás eins ríkis á annað væri í raun árás gegn eigin hagsmunum. Tilraunin tókst og nú 50 árum síðar búa íbúar Evrópusambandsins á einum friðsælasta og farsælasta bletti jarðarkringlunnar.

Hugmyndafræði Evrópusamvinnunar var í raun afar einföld. Yfirþjóðleg samvinna manna á milli, yfir mæri þjóða, trúabragða, tungumála og menningar er mun skynsamlegra þjóðfélagsskipulag heldur en hólfaskipting

Félagið Ísland- Palestína eflist

Félagið Ísland-Palestína hefur eflist samhlíða uppreisn Palestínnumanna gegn yfirgangi Ísraelsríkis. Þar ber helst að nefna að á einu og hálfu ári hefur fjöldi félagsmanna meira en tvöfaldast. Samarið 2000 voru þeir u.þ.b. 130 en í mars 2002 voru þeir orðnir 300. Að auki höfum við um 20 aðila á útsendingarlista og rúmlega 50 utanfélagsmenn á rafpóstlista.

Tveir þriðju hlutar félagsmanna búa í Reykjavík (þar af 70 á svæði 101), 27 í Kópavogi, 5 á Seltjarnarnesi, 10 í Hafnarfirði, 12 í Garðabæ, 3 á Suðurnesjum, 9 í Mosfellsbæ, 5 á Vesturlandi, 3 á Vestfjörðum, 10 á Akureyri, 2 á Dalvík; 4 á Sauðárkróki, aðeins 2 á Austurlandi og 4 á öllu Suðurlandi.

Tekjur félagsins af félagsgjöldum hafa aukist verulega. Á síðasta starfsári (mars 2001 - mars 2002) greiddu u.þ.b. 180 félagsmenn rúmlega 340.000 kr., en starfsárið á undan komu tæplega 160.000 kr. inn í félagsgjöld. Heildartekjur voru 745.681 kr., en þar af tæpar 400.000 í söfnunarfé, sem gerð er grein fyrir á öðrum stað í blaðinu. Tekjur umfram gjöld voru 63.000 kr.

Stærstu útgjaldaliðir félagsins á síðasta starfsári voru pósthúð-

argjöld 51.525 kr., vefurinn www.palestina.is 49.109 kr. og prentkostnaður 41.289.

Tilkoma vefsíðunnar okkar www.palestina.is er ein megin-skýringin á fjölgun félagsmanna. Langflestir skrá sig inn í félagið á mjög þægilegan hátt á vefsíðunni. Nýju félagsmennirnir eru að jafnaði yngri en þeir sem fyrir voru. Sem dæmi má nefna að af 43 nýjum félagsmönnum sem skráðu sig á tímabilinu 17. desember 2001 til 8. mars 2002 eru 22 fæddir eftir 1970, 11 þeirra á árunum 1980-1984. Aðeins tveir voru fæddir fyrir 1950.

Langflestir nýju félaganna hafa gefið upp netfang og verið skráðir á rafpóstlista félagsins sem telur nú 250 manns. Þannig fær drjúgur hluti félagsmanna tilkynningar og fréttir í tölvupósti mánaðarlega eða oftar. Að auki hafa rúmlega 50 utanfélagsmenn skráð sig á pósthúð á vef okkar og fá þeir einnig póst frá félaginu.

Með internetinu er auðvelt að fá fréttir beint af vettvangi í Palestínu og Ísrael. Við þurfum ekki að láta stóru alþjóðlegu fréttastofurnar skammta okkur fréttir. Við getum sótt þær sjálf. Á vef okkar eru krækjur í fjölmarga vefi sem fólk er hvatt til að kynna sér. Auðvelt er að gerast áskrifandi á pósthúðum margra þessarar vefja. Sem dæmi má nefna að margir félagsmenn eru á pósthúð hreyfingar Íslandsvinarsins Dr. Mustafa Barghouthi, Palestine Monitor (www.palestinemonitor.org). Af öðrum fréttastofum og upplýsingaveitum má nefna:

Badil (www.badil.org)

Gush Shalom (www.gush-shalom.org)

Electronic Intifada (electronicintifada.net)

Á vefsíðunni okkar gefst félagsmönnum nú tækifæri til að taka þátt í umræðuhópum. Vö

hvetjum félagsmenn um land allt til að nýta sér þennan möguleika. Kemur þetta sér t.d. vel fyrir þá sem eiga erfitt með að mæta á fundi, eða fyrir þá sem vilja skiptast á skoðunum um málefni Ísraels og Palestínu til að víkka sjóndeildarhring sinn. Umsjónarmenn síðunnar gæta þess að umræður séu háttssamar.

Við í stjórn félagsins bjóðum nýju félaganna okkar hjartanlega velkomna og væntum mikils af þeim í okkar mikilvæga kynningar- og stuðningsstarfi við málstað Palestínnumanna.

Á sama tíma þykir okkur leitt að hafa þurft að afskrifa 18 félagsmenn sem ekki höfðu sinnt því í 3 ár eða meira að greiða félagsgjald sitt, og 5 hafa sagt sig úr félaginu - en maður kemur í manns stað, það er gangur lífsins. Nokkrir skulda 2 ár fá þeir að vera með enn um sinn.

Við hvetjum fólk eindregið til að greiða félagsgjöld sín skilvíslega, m.a. til þess að gjaldkeri þurfi ekki að eyða dýrmætum tíma og peningum í eftirrekstur.

Við hvetjum alla til að greiða félagsgjald fyrir 2002 sem fyrst í banka eða á netinu og spara okkur gíróseðillinn.

Færð þú engan rafpóst?

Rúmur helmingur félagsmanna hefur gefið upp netfang og fá reglulega sendar fréttir og tilkynningar í tölvu. Þeir sem hafa netfang eru hvattir til að koma því til stjórnarinnar eða senda rafbréf á palestina@palestina.is svo þeir fari ekki á mis við þessa þjónustu. Stjórnin hefur af því áhyggjur að þessir félagsmenn verði smám saman útundan því samskipti okkar á milli fara í æ ríkari mæli fram um netið.

Munið glæsilega og
efnismikla heimasíðu
Félagsins Ísland-
Palestína

www.palestina.is

Skellið ykkur á netið
og skóð

Ofurvald og áhrif Bandaríkjanna

Í Reykjavíkurbrefi *Morgunblaðsins* 24. febrúar síðastliðinn er umfjöllun um yfirburði Bandaríkjanna sem byggð er á grein sagnfræðingsins Paul Kennedy í *Financial Times*. Þar kemur fram að þau verja meira til hermála samantlagt á ári hverju en nemur fjárlögum þeirra 9 ríkja sem næst koma á eftir.



Þorvaldur
Örn
Árnason
skrifar

Kennedy telur líklegt að framlag Bandaríkjanna einna séu nú 40% af öllum hernaðarútgjöldum í heiminum eftir síðustu hækkunir Bush-stjórnarinnar. Hann fullyrðir að svo ójöfn valdastaða hafi aldrei áður komið upp í sögunni! Samt telur hann þessi útgjöld aðeins vera rúm 3% af þjóðarframleiðslu þeirra. Yfirburðirnir eru sem sagt ekki bara á sviði hernaðar, heldur ekki síður efnahagslegir, enda hlutur þeirra í heimsframleiðslunni ein 30%. Og við getum haldið áfram: 45% af allri umferð á netinu er í Bandaríkjunum, þrír af hverjum fjórum nóbelsverðlauna-

höfum í vísindum, hagfræði og læknisfræði stunda rannsóknir sínar þar, enda 12–15 öflugustu háskólar í heimi þar. Veldi bandarískrar menningar sést í útbreiðslu tungunnar, sjónvarpsþátta, kvikmynda og unglíngamenningar.

Það er vandfarið með þau völd sem því líkum yfirburðum

fylgja. Mér virðist þröngsýni og eiginhagsmunahyggja byrgja valdhöfum sýn meira en oft áður, svo líkist meir duttlungum en athöfnum viti borinna manna. Bush situr á löngum viðtölum við Sharon en harðneitar að ræða við Arafat. Hann belgir sig út með fagurgala um baráttu gegn hryðjuverkum en styður hryðjuverk Ísraelsers gegn óbreyttum borgurum.

Mér hefur lengi fundist utanríkisstefna Bandaríkjanna vera aðalvandamálið í Mið-Austurlöndum. Þar leika þeir tvö ósamræmanleg hlutverk: hlutverk sátta-

semjarans og hlutverk óbilandi stuðningsmanns sterkari deiluaðilans. Ísraelar fá gríðarlegan stuðning frá Bandaríkjunum, bæði pólitískan og efnahagslegan. Mér finnst óhugnanlegt að sjá þetta risa-risaveldi valta yfir samþykktir Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og beita neitunarvaldi gegn öllum hinum „stórveldunum“.

Ísraelar virðast vera áskrifendur að gifurlegum fjárstyrk frá Bandaríkjunum sama á hverju gengur. Þeir munu hafa fengið 3 milljarða bandaríkjadala á ári síðan upp úr 1970. Það er erfitt að skynja slíka upphæð. Segir rúmlega ein Vestfjarðagöng á dag eitt-hvað? Eða ein Smáralind? Þetta er víst bara opinberi hlutinn. Til viðbótar koma vopn og stuðningur einkaaðila.

Ef Bandaríkin vildu stöðva yfiringang Ísraelsríkis gætu þeir það á nokkrum mánuðum með því að skrúfa fyrir kranann. Allt tal um að setja þeim stólinn fyrir dyrnar er marklaust meðan straumur bandarískra peninga og vopna heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Hvað geta félagsmenn gert?

Við í stjórninni höfum áhyggjur af því að hafa ekki tíma – og jafnvel ekki hugmyndaflug – til að virkja og verkstýra sem flestum af 300 félagsmönnum okkar. Því viljum við hvetja félagsmenn til að biða ekki bara eftir stjórninni, heldur taka til sinna ráða. Við viljum gjarnan fá frá ykkur fréttir um hvernig til tekst og aðstoða eftir þörfum.

Hér eru nokkrar hugmyndir, sumar nýjar en aðrar notaðar, – en vonandi allar nothæfar:

Ræða málefni Miðausturlanda við vini og kunningja.

Taka þátt í umræðuhópum á

www.palestina.is

Vera dugleg að lesa og fylgjast með í fjölmiðlum og á vefnum – og ekki hika við að senda fjölmiðlafólki áminningar, t.d. með tölvupósti, ef ykkur þykir fréttaflutningur hlutdrægur, ósanngjarn eða villandi. Fjölmiðlafólk tekur slíkum ábendingum vel ef þær eru háttvíslega fram settar.

Skrifa pistla í blöð eða hringja í útvarpstöðvar.

Koma hugmyndum til stjórnarinnar og hvetja hana til dáða (nýlega fengum við áskorun frá Akureyri um að halda útifund,

– við stefnum að því í apríl)

Safna peningum í neyðarsöfnun félagsins

Halda fundi, tónleika, ljóðakvöld eða matarboð, e.t.v. safna fé um leið. Stjórnin getur útvegð framsögumann.

Athuga hvort það séu vörur í verslunum frá Ísrael (t.d. Jaffa-appelsínur) og hvetja kaupmenn og kaupendur til að sniðganga þær.

Verum virk og sýnum styrk!

Stjórn FÍP



Sendiherra á aðalfundi

Aðalfundur Félagsins Ísland-Palestína árið 2002 var haldinn í veitingahúsinu Lækjarbrekku sunnudaginn 17. mars og var ágætlega sóttur. Heiðursgestur fundarins var Omar Sabri Kittmitto sendiherra, forstöðu-

maður aðalsendinefndar Palestínu í Noregi og á Íslandi, sem kom hingað sérstaklega til að vera viðstaddur fundinn

Hann hittir einnig í heimsókn sinni utanríkisráðherra, snæddi hádegisverð með biskupi Íslands,

hélt blaðamannafund í Lækjarbrekku, heimsótti forseta Íslands að Bessastöðum, fundaði með alþingismönnum úr ýmsum flokkum og hélt að lokum fund með formanni utanríkismálanefndar Alþingis. Omar hefur tvisvar áður heimsótt Ísland á síðustu misserum og ávallt verið vel tekið af ráðamönnum og fjölmiðlum.

Sendiherrann flutti ávarp á aðalfundinum og svaraði fyrirspurnum. Eftir stutt fundarhlé hófust venjuleg aðalfundarstörf, þar sem ársreikningar voru samþykktir og ný stjórn kosin. Í stjórn voru kosin þau Sveinn Rúnar Hauksson, Steinunn Birna Ragnarsdóttir, Faraj Shwaiki, Viðar Þorsteinsson og Þorvaldur Örn Árnason. Í varastjórn voru kosin þau Eldar Ástþórsson og María S. Tómasdóttir.

Á næsta stjórnarfundum félagsins skipti stjórn með sér verkum. Því miður sá María S. Tómasdóttir sér ekki fært að sitja í stjórninni, og er því Eldar Ástþórsson einn í varastjórn. Að öðru leyti skipti stjórn þannig með sér verkum að Sveinn Rúnar Hauksson er formaður, Steinunn Birna Ragnarsdóttir varaformaður, Viðar Þorsteinsson ritari, Þorvaldur Örn Árnason ritari og Faraj Shwaiki meðstjórnandi.

Fjölsótt mótmæli vegna ferðakynningar

Eins og margir heyrðu í fréttum þá heppnuðust mótmæli Félagsins Ísland-Palestína fyrir framan Grand Hótel vegna ferðakynningar Ísraelsstjórnar einstaklega vel. Vel yfir 250 manns mættu og fóru mótmælin vel fram. Sveinn Rúnar Hauksson formaður FÍP ávarpaði samkunduna og hafði það m.a. eftir Geiri Jóni Þórðarsyni yfirlögregluþjóni að mörg ný andlit væru í hópnunum – Geir hefur fylgst með mótmælum af þessu tagi í áratuðir og veit því hvað hann syngur.

Mannfjöldinn sem kom á þessa mótmælasmæli er til vitnis um aukna samúð Íslendinga með



Sveinn Rúnar Hauksson, formaður FÍP, flytur ávarp við upphaf mótmæla-stöðunnar við Grand Hótel

baráttu Palestínumanna og reiði vegna framferðis Ísraels. Félagið Ísland-Palestína hefur orðið ápreifanlega vart við þessa hugarfarsbreytingu, sem sést best á þeim

fjölda sem hefur skráð sig félagið að undanfögnu. Vafalítið voru þessir nýju meðlimir á meðal hinna nýju andlita á mótmælunum í gær.

Hvað þarf að gerast svo Palestínumálið leysist?

Mjög mæðir á sjúkraflutninga-fólki á her-numdu svæðun-um þessa dag-ana. Fjöldi særðra og fallinna er gífur-legur, auk þess sem Ísraelar hafa miskunn-arlaust beint vopnum sínum að þessum hópi fólks og fellt fjölmarga

1. Það sem er á valdi Banda-
ríkjanna:

Bandaríkin hætti efnahags-
legum, hernaðarlegum og póli-
tískum stuðningi við Ísraelsríki
uns það lætur af yfiringangsstefnu
sinni.

Bandaríkin ræði við fulltrúa
beggja aðila og geri ekki upp á
milli þeirra.

Bandaríkin hætti að beita neit-
unarvaldi í Öryggisráðinu Sam-
einuðu þjóðanna til stuðnings Ísra-
els og viðurkenni samþykktir Alls-
herjarþingsins í raun, m.a. um
rétt Palestínumanna til að stofna
eigið ríki og rétt flóttamanna að
snúa heim.

2. Það sem er á valdi Ísraels-
ríkis:

Ísraelsríki hætti við þá stefnu
sína að breyta allri Palestínu í gyð-
ingaríki.

Ísrael dragi her sinn til baka
frá öllu því landsvæði sem
hernumið var 1967, þ.e. Gólan-
hæðum, Vesturbakkanum (að A-
Jerúsalem meðtalinni) og Gaza-
svæðinu.

Ísraelskum landtökumönnum
á hernumdu svæðunum verði
gefnir tveir kostir: að taka þátt í
palestínsku ríki eða skila landinu
og snúa til Ísraels.

Ísrael viðurkenni samþykktir
Allsherjarþingsins, m.a. um rétt
Palestínumanna til að stofna eigin
ríki og flóttamanna að snúa heim.



Ísrael greiði Palestínumönn-
um stríðsskaðabætur.

3. Það sem er á valdi Palest-
ínumannna:

Viðurkenna tilverurétt Ísraels-
ríkis og sætta sig við að fá aðeins
22% af landi Palestínu, þ.e. Gólan-
hæðir, Vesturbakkann og
Gazasvæðinu (þetta hafa þeir
þegar gert, sbr. Óslóarsamning-
ana).

Stofni eigið ríki með lýðræðis-
lega stjórnarhætti og haldi uppi
lögum og reglu innan þess.

4. Það sem er á valdi Íslend-
inga:

Styðja baráttu Palestínu-
manna fyrir réttindum sínum
meðráð og dáð, bæði í tvíhliða sam-

skiptum sem og á alþjóðavett-
vangi.

Slíta öllum samskiptum við
Ísraelsríki (viðskiptalegum, póli-
tískum og menningarlegum) þar
til það lætur af yfiringangsstefnu
sinni.

Varanlegur friður verður að
byggja á réttlæti. Því er tómt mál
að tala um frið nema réttindi
beggja aðila séu tryggð. Ísraelsríki
á engan rétt á því landi sem það
reynir að sölsa undir sig og verður
einfaldlega að horfast í augu við
það. Annars verður enginn friður,
sama hve oft svo sem menn
koma að samningaborði og reyna
að semja um vopnahlé.

Þorvaldur Örn Árnason

Um félags- gjald til FÍP

Félagsgjaldið var á síðasta ári
hækkað í 1.800 kr. á mánuði.
Sumir greiða meira, sem er hið
besta mál. Öllu verra er að nokkr-
ir hafa enn ekki greitt félagsgjald
síðasta árs. Þeir sem skulduðu 3 ár
eða meira hafa nú verið felldir út
af félagaskrá.

Fjórar leiðir eru til að greiða
gjaldið:

1. Að borga beint til gjaldkera
þar sem til hans næst, á fund-
um eða samkomum - ódýr og
einföld leið fyrir þá sem mæta.
2. Að greiða í banka (t.d. á net-
inu) beint inn á reikning fé-
lagsins, kt. 520188-1349, banki
542, hb 26, nr.6990.
3. Ef þú átt kreditkort hjá Visa
eða Euro (Mastercard) getur
þú gefið gjaldkera upp kort-
númer þitt, gerð korts og gild-
istíma og gjaldið verður inn-
heimt hjá þér, 1800 kr. árlega
eða 150 kr. mánaðarlega án
nokkurrar fyrirhafnar. Nokkuð

er um að hjón greiði af sama
korti kr. 300 á mánuði, jafnvel
meira.

4. Að félagið sendi út giróseðil
um mitt ár sem þú greiðir í
banka eða pósthúsi – leið sem
er nokkuð dýr fyrir félagið en
mikið notuð. Giróseðlar verða
bara sendir þeim sem ekki
hafa þegar greitt eftir öðrum
leiðum.

Við hvetjum alla til að greiða fé-
lagsgjald fyrir 2002 sem fyrst
með leiðum 1, 2 eða 3 og spara
okkur giróseðilinn.

Ályktun útifundar

Útifundur var haldinn á Lækjartorgi í dag 20. desember vegna ástandsins í Palestínu. Fundurinn var haldinn á vegum Félagsins Ísland-Palestína og með stuðningi stjórnmalaflokka, Alþýðusambands Íslands og BSRB. Um 200 manns tóku þátt. Ávörp fluttu alþingismennirnir Steingrímur J. Sigfússon formaður VG og Þórunn Sveinbjarnardóttir frá Samfylkingunni. Fundarstjóri var Sveinn Rúnar Hauksón lækni, formaður FÍP. Kröfur dagsins voru: Stöðvið Sharon – hernáminu linni – sjálfstæð Palestína. Sú fyrsta beindist sérstaklega að Bandaríkjastjórn og gengu fundarmenn að bandaríska sendiráðinu í fundarlök þar sem eftirfarandi ályktun var afhent:

„Útifundur í Reykjavík, haldinn á Lækjartorgi 20. desember 2001 skorar á Bandaríkjastjórn að axla ábyrgð sína í Palestínumálinu og stöðva árásir Sharons og herja hans á varnarlausan almenning herteknu svæðanna. Enginn annar aðili er í aðstöðu til þess að knýja fram breytta stefnu af hálfu Ísraels. Sameinuðu þjóðirnar eru lamaðar vegna neitunarvalds sem Bandaríkjastjórn hefur beitt hvað eftir annað og þannig auðveldað Ísraelsstjórn að halda ófriðnum áfram. Nú síðast var ekki farið fram á annað en að eftirlitsmenn á vegum SÞ fengju að fylgjast með því sem er að gerast. Ísrael neitar og Bandaríkjastjórn gerir ekki annað en að framfylgja stefnu Sharons í Öryggisráðinu. Palestínumenn hafa engan her og eiga þess vegna allt undir friðsamlegri lausn, öðruvísi en í friði geta þeir ekki byggt upp ríki farsældar, lýðræðis og mannréttinda. Ofbeldinu verður að linna en það gerist ekki öðru vísi en að grundvallarbreyting verði knúin fram á stefnu Ísraels og að þetta ríki sem er beinlínis afkvæmi Sameinuðu

þjóðanna söðli um og gerist löghlýðinn borgari í samfélagi þjóðanna. Hernáminu verður að linna, skila verður öllu landi sem hertekið var árið 1967, þannig að palestínska þjóðin fái notið réttar síns, eins og hver önnur þjóð, í samræmi við alþjóðalög og ályktanir Sameinuðu þjóðanna, til sjálfsákvörðunar og til að stofna sjálfstætt ríki.

Tryggja verður rétt palestínskra flóttamanna til eigna sinna og til að snúa aftur til fyrri heimkynna. Palestínumenn, sem í fyrstu vildu ekki sætta sig við að 55% af landi þeirra væri tekið til að stofna ríki gyðinga í samræmi við ályktun SÞ frá árinu 1947, hafa fyrir löngu sæst á tilvistarrétt Ísraelsríkis. Og nú er ekki einungis um upphaflega svæðið að ræða heldur líka svæðin sem hernúmin voru á árunum 1948–49. Þannig er gert ráð fyrir að Ísrael ráði yfir 78% af landi Palestínu eins og það var allt til ársins 1947. Sjálfstætt ríki Palestínu sem nú er á dagskrá verður einungis á 22%

landsins, það er á Gaza og Vesturbakkanum að meðtalinni Austur-Jerúsalem. Sharon og aðrir herforingjar sem nú eru við völd í Ísrael voru á móti Oslóarsamkomulaginu. Þeir hafa aldrei sýnt áhuga á réttlátum friði er byggir á alþjóðarétti og lögum. Nú þegar Arafat forseti palestínsku þjóðarinnar hefur bæði grátbænt hana og fyrirskipað að engum vopnum skuli beitt gegn hernámsliðinu, enda gefi það hernámsliðinu aðeins tilefni til enn frekari blóðsúthellinga, þá er svar Sharons að senda dauðasveitirnar á vettvang og taka af lífi fleiri börn og fjölskylduféður. Þetta verður að stöðva. Fundurinn krefst þess af Bandaríkjastjórn að hún geri allt sem í hennar valdi stendur til að stöðva Sharon, þannig að blóðbaðinu linni og endir verði bundinn á gagnkvæm hermdarverk. Síðan verður að knýja Ísraelstjórn til að draga her sinn til baka og lýsa því yfir að hún muni viðurkenna sjálfstætt ríki Palestínu með landamærunum eins og þau voru fyrir stríðið 1967. Þá kemst á vopnahlé og raunverulegar friðarviðræður geta hafist.

Berist til forseta Bandaríkjanna og ríkisstjórnar.

” Ofbeldinu verður að linna en það gerist ekki öðru vísi en að grundvallarbreyting verði knúin fram á stefnu Ísraels og að þetta ríki sem er beinlínis afkvæmi Sameinuðu þjóðanna söðli um og gerist löghlýðinn borgari í samfélagi þjóðanna. “

Apartheit í Palestínu

ránið verði stöðvað. Þessar kröfur eru allar í takt við samþykktir S.þ. Barátta Palestínumanna fyrir frelsi sínu og mannréttindum hefur stundum tekið á sig ljóta mynd. Í dag sjáum við ungt fólk sem lifað hefur við hernám og í flóttamannabúðum allt sitt líf svo blindað af hatri að það er tilbúið að taka eigið líf í hryðjuverkaárásum á ísraelska borgara. Sjálfsmorðsárásir skaða frelsisbaráttu Palestínumanna meira en nokkuð annað, enda fordæmdar af palestínskum yfirvöldum. Þær breyta því hins vegar ekki að stöðva verður undirrot hatusins, kúgunarkefi Ísraels og hernám þeirra á palestínsku landi.

Hvað getum við Íslendingar gert?

Þó við Íslendingar séum fámenn þjóð getur stefna okkar í alþjóðamálum skipt máli. Til dæmis voru ráðamenn okkar fljótir að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna fyrir um áratug og fulltrúar okkar hjá S.þ. áttu

ekki í vandræðum með að greiða atkvæði með skiptingu Palestínu árið 1947 og gegna stóru hlutveki í stofnun Ísraelsríkis. Er ekki kominn tími til að við viðurkennum og styðjum í verki rétt Palestínumanna til að fá að snúa aftur til heimalands síns og lifa sem frjáls þjóð í eigin ríki?

Við höfum tök á að láta rödd okkar heyrast á alþjóðavettvangi og nota atkvæðisréttinn hjá S.þ. með skynsamlegri hætti en að sitja hjá þegar kosið er um hvort senda eigi alþjóðlegt friðargæslulið til verndar Palestínumönnum. Við eigum að sýna heiminum gott fordæmi og slíta öllum tengslum við ríkisstjórn Sharons og setja viðskiptabann á Ísrael þar til ráðamenn þar í landi taka sér tak og virða alþjóðalög, friðarsamninga og samþykktir S.þ. Alþjóðlegur þrýstingur getur skipt sköpum í baráttunni gegn hernámi og mismunum fólks eftir trú og þjóðerni. Fall aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku er gott dæmi um það..

Eldar Ástþórsson

Heimsókn dr. Mustafa Barghouthi

Samfylkingin bauð dr. Mustafa Barghouthi, heilbrigðismálafrömuði í Palestínu, til Íslands og var hann heiðursgestur á landsfundi hennar dagana 16.–18. nóvember 2001. Hann flutti ávarp á opnunarhátíð landsfundarins sem haldinn var föstudaginn 16. nóvember og flutti erindi og svaraði fyrirspurnum í umræðum um utanríkismál daginn eftir. Í bæði skiptin talaði Dr. Barghouthi fyrir fullum Súlnasal Hótel Sögu.

Barghouthi var afar vel tekið og góður rómur gerður að máli hans. Að auki tók hann þátt í 20 manna hádegisverðarfundum á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur með Steingrími Hermannssyni fyrirverandi forsætisráðherra, fólki frá hjálparstofnunum, Amnesty International, læknum, fulltrúum stjórn málaflokka o.fl. Félagið Ísland-Palestína hélt að auki prýðilegan kaffifund með honum og félagsmönnum á Lækjarkrekkju þar sem málin voru rædd í kjölin.

Viðtali við Dr. Barghouthi var útvarpað í Speglinum á Rás 1 daginn sem hann kom, dagblöð tóku viðtöl við hann og var hann gestur í spjallþættinum Silfur Egils á Skjá einum á sunnudeginum.

Dr. Barghouthi er bæði snjall og geðþekkur málsvari Palestínumanna, rökfastur lýðræðissinni og grasrótarmaður fram í fingurgóma. Auk þess að veita forstöðu heilsugæslusamtökunum UPM-RC er hann einnig í forsvari fyrir samtök 90 frjálsra félagsamtaka („Non-Governmental Organizations“) sem samræma stefnu sína til að styrkja palestínskt samfélag á grundvelli lýðræðis, félagslegs réttlætis og sjálfbodavinnu. Samtök þessi halda út vefmiðlinum

Palestine Monitor til að dreifa upplýsingum og koma á tengslum við fólk í öðrum löndum. Slóðin er www.palestinemonitor.org

Boðskapur Dr. Barghouthis til Íslendinga var skýr: Kjarni vandamálsins er hernám Ísraelsríkis á palestínsku landi og eignum. Intifada-uppreisnin er uppreisn gegn grimmilegu hernámi með eins friðsömum ráðum og hægt er. Palestínumenn krefjast þess að fá það land sem hernumið var 1967 og stofna þar sjálfstætt ríki, flóttamönnum verði heimilað að nýta rétt sinn til að snúa heim og að pólitískir fangar verði látnir lausir. Allt er þetta í fullu sam-

framkoma af hálfu heimastjórnarinnar allt eins mikið áhyggju-efni og hernám Ísraelshers.

Það kom oft fram í máli Dr. Barghouthis að Ísrael rekur aðskilnaðarstefnu gagnvart Palestínumönnum. Það er margt líkt með stöðu þeirra og svarta meirihlutans í Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar. Helsti munurinn er sá að Gyðingar í Ísrael eru í naumum meirihluta þegar Ísraelar og Palestínumenn eru taldir saman, en það gæti breyst innan fárra ára því Palestínumönnum fjölgar nú mun örur en Gyðingum í Ísrael.

Dr. Barghouthi sagði að gestir frá S-Afríku hefðu séð sláandi margt líkt í Palestínu með kerfinu í S-Afríku sem nú heyrir sögunni til. Blökkumenn í S-Afríku unnu sigur m.a. vegna öflugss alþjóðlegs stuðnings, en það ríkti m.a. viðskiptabann á S-Afríku í meira

**Frá vinstri:
Sveinn Rúnar
Hauksson,
Þorvaldur Örn
Árnason, dr.
Barghouthi og
Viðar
Þorsteinsson**



ræmi við ítrekaðar ályktanir og sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Um þessar mundir eru hvorki meira né minna en 4000 Palestínumenn pólitískir fangar í ísraelskum fangelsum. Þetta fólk hefur ekki komið fyrir dóm og er lokað inni án dóms og laga. Þessa helgi voru 36 manns í haldi Palestínsku heimastjórnarinnar án þess að hafa verið formlega ákærðir. Dr. Barghouthi þótti slík

en áratug.

Heimsókn Barghouthis lagði grunninn að tengslum við fjölmiðla og stjórn málamenn á Íslandi sem enn eru til staðar. Hlustendur fréttastofu Ríkisútvarpsins þekkja nú rödd hans vel, og þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna vitna oft í hann máli sínu til stuðnings. Handtaka Barghouthis í Jerúsalam 2. janúar sl. vakti því bæði reiði og undrun hérlendis og víðar í heiminum, og var það vafalaust fyrir tilstuðlan alþjóðlegs þrýsings að honum var sleppt lausum.

Félagið Ísland-Palestína heldur áfram reglulegu sambandi við þennan skelegga baráttumann og mun halda áfram að senda fé til heilsugæslusamtaka hans.

Sjálfbodaliðar frá mörgum þjóðum veita Palestínumönnum vernd

Dr. Mustafa Barghouthi hefur ásamt öðrum beitt sér fyrir stofnun alþjóðlegra grasrótarsamtaka sjálfbodaliða frá mörgum löndum (skammstafað GIPP: Grassroots International Protection for the People of Palestine) til að dvelja í Palestínu, fylgjast með því sem þar fer fram og gera kunnugt um það í heimalandi sínu. Einnig ætla nokkrar kirkjudeildir, þ.á.m. Þjóðkirkjan, að senda eftirlitsfólk á nýja árinu.

Um júlín 2001 hélt GIPP tveggja vikna lotu þar sem

hundruð sjálfbodaliða frá Frakklandi, Ítalíu, Hollandi, Belgíu og Danmörk tóku þátt.

Friðsamleg ganga sem u.þ.b. 100 útlendingar tóku þátt í á aðfangadag mátti þola árásir Ísraelshers með táragasi og gúmmihúðum byssukúlum og margir þurftu að leita sér læknaaðstoðar. Að auki var 90 manna hópur friðarsinna hindraður í að fara til Gaza. Ísraelsher gaf þá skýringu að til stæði að varpa sprengjum á svæðið.

Hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemi GIPP á síðunni <http://www.pngo.net/GIPP/>

Apartheid í Palestínu

Það hefur vafalaust ekki farið framhjá neinum að sannkölluð ógnaröld hefur geisað í Palestínu og Ísrael síðan Ariel Sharon heim-sótti hina hernumdu Musteris-hæð fyrir um einu og hálfu ári ásamt fjölmennu her- og lög-reglulíði. Undanfarið hefur heims-byggðin horft upp á ofbeldið á svæðinu stigmagnast. Þær raddir verða háværar að hér sé á ferðinni vítahringur sem ómögulegt sé að leysa og margir vestrænir ráða-

mannabúðum. Réttur þeirra til að snúa aftur til heimkynna sinna hefur verið sniðgenginn af Ísraels-stjórn þrátt fyrir margítrekaðar ályktanir S.þ.

Kúgunar- og hernáms- stefna Ísraela

Ísraelsmenn hertóku síðustu landsvæðin sem áður tilheyrðu Palestínu, Vesturbakkann og Gasaströndina, fyrir 35 árum. Þó þessi svæði hafi ekki verið innlim-

gerð upptæk fyrir aðflutta gyðinga og í dag hefur helmingur alls lands á Vesturbakkanum og Gasa verið lagður undir landránsbyggðir og starfsemi hersins. Hið aðflutta landránsfólk býr sem herrabjód í landi annarra og nýtur m.a. kosningaréttar og annara réttinda samkvæmt Ísraelskum lögum, auk forgangs til vatnsveitu. Varla þarf að taka það fram að landránið stenst hvorki alþjóðalög né samþykktir S.þ.

Innan Ísraelsríkis er Palestínunömmum einnig mismunað á skipulagðan hátt. Bæði fyrir og eftir stofnun Ísraelsríkis hafa eigur þeirra, íbúðarhús og landsvæði verið gerð upptæk í stórum stíl og komið í hendur gyðinga. Um 90% allra Palestínumanna í Ísrael búa á svokölluðum „öryggissvæðum“ undir herlögum þar sem aðgangur þeirra að mennta- og sjúkra-

kerfi landsins er takmarkaður og atvinnumöguleikar mun síðri. Sumar arabískar byggðir innan Ísraels eru flokkaðar sem „ósamþykktar“ og fá ekki rafmagn, þó vatnsveita til þeirra hafi verið tryggð eftir úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag. Augljósasta misréttið felst í lögum Ísraelsríkis þar sem fólki af gyðingatrú er tryggður réttur til að flytjast til Ísraels á meðan palestínskum flóttamönnum er neitað um að snúa aftur til heimkynna sinna innan Ísraels og Palestínu.

Hið aðflutta landránsfólk býr sem herrabjód í landi annarra og nýtur m.a. kosningaréttar og annara réttinda samkvæmt Ísraelskum lögum, auk forgangs til vatnsveitu. Varla þarf að taka það fram að landránið stenst hvorki alþjóðalög né samþykktir S.þ.



uð í Ísraelsríki hefur hernámssliðið innleitt þar kerfi þar sem fólki er gróflaga mismunað eftir þjóðerni og trú. Þessi ísraelska útgáfa af aðskilnaðarstefnu (Apartheid) er jafnvel grimmilegri en sú sem leið undir lok í Suður-Afríku fyrir rúmum áratug. Þar sem Ísraelsmenn telja Genfarsáttmálann og önnur alþjóðalög ekki gilda á hernámssvæðum sínum eru íbúar þeirra réttláusir og ofurseldir vilja hernámssliðsins.

Einn af hornsteinum kúgunarstefnu Ísraela og ein helsta hindrunin í átt til friðar á svæðinu er skipulagt landrán Ísraelsmanna. Mörg ákjósanlegustu landsvæði Palestínumanna hafa á undanföllum áratugum verið

Réttmætar kröfur Palestínumanna

Þegar aðildarríki S.þ. samþykktu árið 1947 að skipta Palestínu milli gyðinga, sem flestir voru aðkomumenn og aðeins tæpur þriðjungur íbúanna, og Palestínumanna, fengu þeir fyrrnefndu yfir helming landsins. Í átökunum sem fylgdu skiptingunni náðu Ísraelsmenn 78% landsins á sitt vald og lögðu síðar undir sig alla Palestínu. Í dag krefjast Palestínunömm þess aðeins að fá aftur þau svæði sem Ísraelar hertóku árið 1967 (22% af upprunalegri stærð Palestínu) og stofna þar sjálfstætt ríki, að palestínskir flóttamenn fái að snúa aftur og að land-

Framhald á bls. 15